

Vinnslustöðin hf  
Unnar Hólm Ólafsson  
Hafnargötu 2  
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík 20. júní 2019  
UST201901-201/gf  
08.10.02

**Varðar vettvangsheimsókn í eftirlit hjá fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum**

Þann 13. maí sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð. Farið var fram á að upplýsingar um aldur lýsisgeyma yrði sendur stofnuninni og hvenær síðast voru gerðar botnþykktarmælingar á geymunum.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
teymistjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlandssvæðis (tölvupóstur)

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar

UMHVERFISSTOFNUN  


Dags eftirlits	13.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Vinnslustöðin hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingi Sigurðsson	Staðsetning	436194,528 327119,082

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Ein ábending var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Vinnslustöðinni h.f. í Vestmannaeyjum, Unnar Hólm Ólafsson og Kristján Ingi Sigurðsson voru fulltrúar rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Vinnsla í verksmiðjunni var ekki í gangi þegar komið var í eftirlit.

Vinnslustöðin h.f. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 17.9.2014 og gildir það til 2030. Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi hafnarsvæðisins.

Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum fiskvinnslu. Heimilt er að vinna úr 1200 tonnum af hráefni á sólarhring. Eins er heimil fiskflokkun og hrognataka og að nýta frákast frá þeirri vinnslu í framleiðsluna.

Dagskrá:

1. Tíðni eftirlits og mat á áhættu af rekstrinum
2. Staða frávika og út af standandi frá fyrri árum
3. Kröfur í starfsleyfi
4. Mælingar í frárennslis frá fiskimjölsverksmiðjunni
5. Mælingar í útblástri frá fiskimjölsverksmiðjunni
6. Aðrar mælingar og samantekt á heildarlosun í frárennslu
7. Skil á skýrslum vegna græns bókhalds og útstreymisbókhalds
8. Umhverfismarkmið
9. Mengunarhöpp og tilkynningar til Umhverfisstofnunar
10. Önnur mál. ábendingar og kvartanir

### 1. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Með nýrri reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit er ekki lengur tilvísun í eftirlitsflokkja mengandi starfsemi. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu skal ráða tíðni eftirlits. Farið var yfir hugmyndir um áhættumatið með rekstraraðila og hvað er lagt til grundvallar.

### 2. Staða frávika og út af standandi frá fyrri árum

Enn eru opin tvö frávik frá eftirliti á árinu 2017.

Ryk í útblæstri frá katli #3 (meðaltal þriggja mælinga, 3. desember 2015) kom út á 172 mg/Nm<sup>3</sup> (umreiknað að 3% súrefni). Sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfinu til Umhverfisstofnunar og farið fram á að miðað sé við 9% súrefni í útreikningum. Rekstraraðili hefur einnig hætt brennslu á svartolíu og notar nú DMA olíu á katlana sem ætti að minnka ryk í útblæstri. Frávikið er því enn opioð þar til umsóknin um breytingu á starfsleyfi hefur verið tekin fyrir hjá Umhverfisstofnun.

Útblásturshraði í skorsteinum beggja katla mældist í sömu mælingu undir 20 m/s. Búið er að endurhanna og breyta skorsteini við ketil #3 og samkvæmt útreikningum nær hann nú kröfum starfsleyfisins, þ.e. 20 m/s. Ketill #1 er alltaf minna og minna notaður enda orkuafhending fyrir rafskautaketil alltaf að verða betri. Sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfinu til Umhverfisstofnunar og farið fram á að losunarmörk í útblæstri fyrir ryk og útblásturshraða gildi einungis ef hlutfall olíubrennara er yfir 3% af keyrlutíma verksmiðjunnar. Umhverfisstofnun hefur erindið enn til umfjöllunar og því er frávikið opioð þar til afgreiðsla Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Frávik frá eftirliti á síðasta ári snéri að því að niðurstöður mælinga á fitu, svifefnum og COD í frárennslu verksmiðjunnar á árinu 2017 voru allar yfir losunarmörkum. Farið var í breytingar á hreinsivirkni og niðurstöður nýrra mælingar sem gerðar voru 11. og 12. október sl. sýndu að magn efnanna var undir

losunarmörkum. Fráviku er því lokað.

### 3. Kröfur í starfsleyfi

Farið var yfir kröfur starfsleyfisins. Áætlanir um frágang vegna stöðvunar reksturs, hreingerningaáætlun og viðbragðsáætlun liggja fyrir. Bent var á að uppfæra þarf viðbragðsáætlun og því er gott að hafa útgáfunúmer og dagsetningu á skjalinu. TVN mælingar berast eftir hverja vertíð, mælingar í frárennslu berast árlega og nú er ráðgert að mæla á makrílvertíð. Mælingar í útblæstri hafa farið fram svo og hljóðmæling (hávaði). Niðurstöður heildarúttektar á mengandi efnum í frárennslu hefur borist.

Ýmsar skráningar á rekstrarþáttum skulu gerðar. Skoðuð voru dæmi um skráningar og eru ekki gerðar athugasemdir við þær.

### 4. Mælingar í frárennslu

Niðurstöður árlegra frárennslismælinga sem tekna eru aftan hreinsivirkis bárust stofnuninni. Sýnin voru tekin á síldarvertíð. Fita í frárennslu mældist 9 mg/L, svifefni 17 g/tonn hráefnis og COD 1,4 kg/tonn hráefnis. Allt mældist innan losunarmarka.

### 5. Mælingar í útblæstri

Sjá undir lið 2. Einungis skal mæla einu sinni á starfsleyfistímanum. Frávik eru í ferli.

### 6. Aðrar mælingar og samantekt á heildarlosun í frárennslu

Hljóð skal mæla einu sinni á starfsleyfistímanum og var það gert árið 2015. Engar athugasemdir eru gerðar. Prófunaraðili var Mannvit verkfræðistofa.

Botnþykkarmæla skal olíu- og lýsisgema á tíu ára fresti og þrýstiprófa olíu- og lýsisfylltar lagnir á 5 ára fresti. Olíugeymir (DMA olía) var þykktarmældur á síðasta ári (2018) og stóðst kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um lágmarksþykkt. Eins voru lýsislagnir frá verksmiðju að birgðageymum og frá lýsishúsi niður á bryggju þrýstiprófaðar. Lagnirnar stóðust prófunina. Framkvæmdaraðili þessarra mælinga var Skipalyftan ehf.

Skýrla um heildarlosun á mengandi efnum í frárennslu sem unnin var upp úr niðurstöðum mælinga á öllum vertíðum verksmiðunnar hefur borist.

### 7. Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Árleg skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi eru með ágætum.

### 8. Umhverfismarkmið

Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið og rætt um mikilvægi þess að starfsmenn séu upplýstir um umhverfismarkmið í fyrirtækinu. Að allir séu að róa samtaka og í sömu átt að því að ná markmiðunum.

## ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili fer fram á að Umhverfisstofnun séu sendar upplýsingar um aldur lýsisgema og hvenær botnþykkarmælingar voru síðast gerðar á þeim.□

## ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.06.2019

  
Gottskálk Friðgeirsson